

Góðan daginn

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps bókaði eftirfarandi á fundi sínum í gær undir dagskrárlið nr. 6:

„6. Mál til umsagnar, þjóðaratkvæðagreiðsla um Reykjavíkflugvöll.

Gott og öruggt aðgengi að höfuðborginni og þeirri þjónustu sem þar er, skiptir alla landsmenn máli. Því er eðlilegt að landsmenn fái allir að hafa skoðun á framtíð Reykjavíkflugvallar.

Ráðamenn Reykjavíkur eru jafnframt hvattir til að sjá til þess að borgin gegni sínu mikilvæga höfuðborgarhlutverki með reisn og virðingu. Ekki gengur að þrengja frekar að starfsemi flugvallarins fyrr en annar jafngóður eða betri kostur getur tekið við af honum.“

Framangreindri umsögn er hér með komið á framfæri, hún verður einnig send borgarfulltrúum í Reykjavík.

Bestu kveðjur,



Þróstur Friðfinnsson
sveitarstjóri Grýtubakkahrepps